



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **RANNSÓKNARÞING NORÐURSINS – NORÐURSLÓÐIR ÁN LANDAMÆRA FUNDUR FORSETA ÍSLANDS OG FORSETA FINNLANDS**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sækir Rannsóknarþing Norðursins, Northern Research Forum, sem hefst á morgun, miðvikudaginn 5. október í Oulu í Finnlandi. Tarja Halonen forseti Finnlands setur þingið árdegis og forseti Íslands flytur einnig ávarp við opnun þess.

Þá munu forseti Íslands og forseti Finnlands efna til viðræðufundar um vaxandi samvinnu landanna á sviði viðskipta, vísinda og menningar, sem og um sameiginlegan áhuga þeirra á málefnum þróunarlanda. Forseti Íslands mun einnig ræða sérstaklega við ýmsa þátttakendur á þinginu.

Rannsóknarþing Norðursins, sem er helgað viðfangsefninu *Norðurslóðir án landamæra*, sækja fræðimenn og vísindamenn á ólíkum fræðasviðum, sveitarstjórnarmenn, forystumenn í atvinnulífi og fulltrúar frumbyggja. Í hópi þátttakenda eru einnig fjölmargir ungir vísindamenn sem kynna margvíslegar rannsóknir. Þátttakendur á þinginu eru frá Rússlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Norðurlöndum.

Meðal viðfangsefna þingsins eru m.a. atvinnulíf og tækniþróun á norðurslóðum, samvinna á sviði efnahagslífs og menningar, umhverfismál, jafnréttismál og réttindi þjóðarbrotá, löggjöf og samgöngur.

Rannsóknarþing Norðursins var stofnað að frumkvæði forseta Íslands fyrir sex árum og var stofnfundurinn haldinn á Akureyri og á Bessastöðum árið 2000. Síðan hefur þingið komið saman í Hólmgarði (Novgorod) í Rússlandi árið 2002 og Yellowknife í Kanada fyrir tveimur árum. Nú verða fundir þingsins haldnir í Oulu í Finnlandi og Luleå í Svíþjóð. Skrifstofur

Rannsóknarþings Norðursins hafa frá öndverðu verið í Háskólanum á Akureyri.

*4. október 2006*

*Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Northern Research Forum, hjá Skrifstofu forseta Íslands (540 4400), Örnólfi Thorssyni forsetaritara (896 3028) og Árna Sigurjónssyni skrifstofustjóra (820 4946).*